

Þjónusta Vinnumálastofnunar við flóttamenn á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2020



Inngangur

Heimsfaraldurinn hefur sett sitt mark á íslenskan vinnumarkað eins og víðast hvar um heiminn. Atvinnuleysi á Íslandi hefur aldrei mælst jafn hátt frá því byrjað var á skrá það hér á landi. Almennt atvinnuleysi í landinu á árinu 2020 fór hæst í 10.7% í desember.

Alls voru 21.365 einstaklingar atvinnulausir í almenna bótakerfinu í lok desember og 5.108 í minnkaðu starfshlutfalli, eða samtals 26.473 eða 12.1%. Hæst fór atvinnuleysið í apríl þegar 49.243 einstaklingar voru á skrá hjá VMST eða 17,8%. Þá var almennt atvinnuleysi 7,5% en hlutfall þeirra sem var í minnkuðu starfshlutfalli var 10,3%.

Eins og gefur að skilja er á brattann að sækja fyrir flóttamenn að fá vinnu þegar atvinnuleysið er eins hátt og raun ber vitni. Sem dæmi má nefna að í janúar 2020 fóru 27 flóttamenn í starf en samtals aðeins þrír í mars og apríl. Á vormánuðum þegar álagið var sem mest á stofnunina urðu allir starfsmenn Vinnumálastofnunar (VMST) að leggjast á eitt og hjálpast að við að skrá fólk inn í atvinnuleysistryggingakerfið svo það gæti fengið greiddar atvinnuleysisbætur sem fyrst. Þegar álagið á stofnunina var sem mest, tók það um 12 vikur að fá umsókn um atvinnuleysisbætur afgreidda; símtölin námu þúsundum á dag og tölvupóstarnir námu hundruðum á dag. Þetta bitnaði tímabundið á þjónustu við flóttamenn og aðra hópa sem þurfa sértæka aðstoð. Með fjölgun starfsfólks hjá Vinnumálastofnun og eftir því sem leið á árið, gátu ráðgjafar farið aftur að huga að þjónustu við flóttamenn og sem dæmi má nefna að frá júnímánuði til september fengu 55 flóttamenn atvinnu sem telja má gott miðað við að þá var atvinnuleysið enn að aukast.

Þjónusta Vinnuáalastofnunar við flóttafólk

Flóttamaður kemur í þjónustu til VMST með tilvísun frá félagsþjónustu sveitarfélaga. Hjá Vinnuáalastofnun starfa þrjú ráðgjafar við að aðstoða flóttafólk í atvinnuleit. Þriðji ráðgjafinn bættist í hópinn í júní 2020. Þessir ráðgjafar eru staðsettir á höfuðborgarsvæðinu en er líka ætlað að sinna flóttamönnum í þjónustu Vinnuáalastofnunar á landsbyggðinni. Einn ráðgjafi er arabískumælandi, annar er spænskumælandi en það eru tveir stærstu málhóparnir í þjónustu eins og staðan hefur verið undanfarið ár. Þriðji ráðgjafinn notar ensku þegar það er hægt en enskukunnátta flóttamanna er sjaldnast það góð að hægt sé að ná góðu samtali a.m.k. ekki í fyrstu viðtölum þar sem máli skiptir að upplýsingar séu réttar og traust geti myndast milli ráðgjafa og atvinnuleitanda. Það var því kærkomin lausn þegar *LanguageLine Solutions* var tekið í notkun sem komið hefur í stað hefðbundinnar túlkþjónustu þar sem boða þarf túlk á staðinn með góðum fyrirvara. Það var of algengt að búið var að finna tíma fyrir túlkaviðtal en fella þurfti viðtalið niður vegna forfalla. Með *LanguageLine Solutions* getur einstaklingur þess vegna komið í viðtal með nánast engum fyrirvara. Önnur algeng tungumál sem flóttamenn í þjónustu VMST tala, eru dari, kúrdíska og farsí. Eftir að tilvísun berst boðar ráðgjafi einstakling í fyrsta viðtal eins fljótt og við verður komið

Í fyrsta viðtali er farið yfir bakgrunn viðkomandi, sérstaklega hvað varðar að menntun, starfsreynslu, starfsóskir og væntingar. Þegar við á er farið yfir þann menningarlega mun sem kann að vera á vinnumarkaði hér á landi og í heimalandi atvinnuleitandans t.a.m. er varðar kynjajafnrétti. Þá er rætt um þau réttindi og skyldur sem fólk hefur á vinnumarkaði héraðs, hlutverk stéttarfélaga o.þ.h. Einstaklingar fá aðstoð við að gera ferilskrá og kynningarbréf og við að skrá sig á einkareknar ráðningarskrifstofur. Þeir fá einnig leiðbeiningar um hvernig ber að snúa sér í því að fá nám sitt metið. Í framhaldi af fyrsta viðtali er oft farið í að skoða laus störf út frá óskum og hæfni viðkomandi. Ráðgjafar hafa alloft beint samband við vinnuveitanda eftir óskum flóttamannsins og reyna eftir fremsta megni að aðstoða einstaklinga við að fá starf sem hentar.

Mjög mismunandi er hve fljótt flóttamaður er kominn í starf en í eðlilegu árferði hafa að meðaltali liðið fjórir mánuður frá því tilvísun berst.

Hjá Vinnuáttakastofnun er lögð höfuðáhersla á íslenskunám þegar flóttafólk á í hlut. Langflestir flóttamenn sem vísað er í þjónustu byrja oftast á því að fara á íslenskunámskeið meðan á atvinnuleitinni stendur. Í sumum tilvikum er fólk enn á íslenskunámskeiði þegar því býðst starf og þá er kannað hvort hægt sé að ljúka íslenskunámskeiðinu utan vinnutíma eða ef hægt er að koma því við að viðkomandi geti lokið námskeiðinu á dagvinnutíma. Vegna Covid-19 var námskeiðsframboð fyrir atvinnuleitendur takmarkað við fjarnámskeið frá því í febrúar/mars. Boðið var reglulega uppá starfsleitarnámskeið á arabísku í tölvuveri VMST þar til samkomutakmarkanir voru settar á. Flóttafólki bauðst að fara á fjarnámskeið í menningar- og upplýsingalæsi á arabísku, ensku og spænsku. Fjarnámskeið henta aðeins hluta flóttamanna t.a.m. fóru fimm hópar flóttamanna frá Venesúela á fjarnámskeið í menningar- og upplýsingarlæsi hjá *Framvegis-miðstöð símenntunar*, á árinu 2020 en það var ekki áhugi hjá arabískumælandi flóttamönnum að skrá sig á fjarnámskeið. Skýringin á þessu er líklega minni kunnátta á tölvur og snjallsíma hjá arabískumælandi hópnum.

Verið er að hanna sérstakan kennslu- og upplýsingavef fyrir samfélagsfræðslu fyrir flóttamenn og aðra innflytjendur sem vilja nýta sér vefinn. Því miður hafa orðið ófyrirséðar tafir á verkinu, sem skrifast aðallega á Covid-19. Gert er ráð fyrir að vefurinn verði tilbúinn á vormánuðum 2021 og að kennsla geti hafist um svipað leyti. Þessi vefsíða mun, ef að líkum lætur, verða mikilvægur liður í aðlögun flóttamanna að samfélaginu. Þá má einnig gera ráð fyrir að aðrir innflytjendur geti nýtt sér vefinn til að afla sér þekkingar eða til upplýsingaöflunar.

Að taka virkan þátt á vinnumarkaði er talið vera mikilvægt atriði í sjálfsmynd Íslendinga enda er atvinnuþátttaka hérlendis ein sú mesta í hinum vestræna heimi, sama hvaða mælikvarða er litið til. Við erum með hæsta meðalaldur fólks á vinnumarkaði og mestu atvinnuþátttöku kvenna. Einnig má nefna háa atvinnuþátttöku framhaldsskóla- og háskólanema. Ráðgjafar VMST vinna almennt út frá þeirri hugmyndafræði að flóttamenn

þurfi að komast sem fyrst út á vinnumarkaðinn til að aðlögun að íslensku samfélagi geti hafist. Það er því lögð rík áhersla á að undirbúa flóttamenn undir vinnumarkað frá því að þeir koma í fyrsta viðtal til ráðgjafa. Jafnframt er lögð áhersla á að einstaklingar skrái sig á íslenskunámskeið meðan á atvinnuleit stendur.

Það er iðulega fyrir beina milligöngu ráðgjafa að flóttamenn komast í starf. Til að mynda upplýsa ráðgjafar atvinnurekendur um svokallaðan ráðningarstyrk sem felur í sér mánaðarlegan styrk til fyrirtækis sem ræður flóttamann í starf. Styrkurinn er í raun niðurgreiðsla á launum flóttamannsins í allt að sex mánuði meðan viðkomandi er að læra og þjálfast í starfi.

Vinnumálastofnun fékk styrk til að láta útbúa sérstakan upplýsingabækling og gátlista um hvernig vinnustaður getur tekið sem best á móti starfsmanni með flóttamannabakgrunn. Ráðgjafarþjónusta Vinnumálastofnunar er alltaf til staðar fyrir fyrirtækið og starfsmanninn, komi eitthvað upp á sem hægt er að leysa með aðkomu stofnunarinnar. Reynslan af þjónustu VMST við flóttamenn hefur sýnt að þörfin fyrir stuðning og eftirfylgd inn á vinnumarkað og í starf er mikil. Aðferðafræði atvinnu með stuðningi/supported employment (SE) er sú nálgun sem þarf að mati ráðgjafa stofnunarinnar til að hægt sé að veita fullnægjandi þjónustu. Gerð var rannsókn í Noregi þar sem notast var við aðferðafræði SE og flóttamönnum fylgt eftir í tvö ár eftir að þeir fengu starf. Í ljós kom að aðferðafræði SE, sem sniðin er að þörfum flóttamanna hentar mjög vel fyrir þennan hóp. Hinar sérsniðnu þarfir lúta að menningarmun, tungumálastuðningi, stuðningi til að ná upp virkni og vegna sérstakra fjölskylduaðstæðna þegar það á við¹.

¹ [Supported-employment-i-kvalifiseringstiltak-for-innvandrere.pdf](#)

Fjöldi tilvísana og bakgrunnur

Alls var unnið með 376 tilvísanir frá félagsþjónustu sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu á árinu 2020. Í nokkrum tilvikum var sama flóttamanni vísað tvisvar í þjónustu eða í alls 12 skipti. Það voru því 364 einstaklingar sem nýttu sér þjónustu hjá Vinnumálstofnun á árinu 2020.

Nýjar tilvísanir sem bárust á árinu 2020 voru alls 269, en eldri tilvísanir voru 108 talsins. Flestar nýjar tilvísanir á árinu komu í september eða 45, en færstar í apríl eða fjórar talsins. Flestir þeirra flóttamanna sem voru í þjónustu voru búsettir í Reykjavík eða 293 (78%), í Hafnarfirði 29, Kópavogi 27, Mosfellsbæ 14, Garðabæ 9 og Seltjarnarnesi 4.




Á mynd 1 hér til vinstri sést fjöldi tilvísana eftir mánuðum á árunum 2019 og 2020. Í janúar 2020 bárust 40 tilvísanir til VMST en í apríl og maí bárust samtals 9 tilvísanir. Í september 2020 bárust alls 45 tilvísanir, langflestar vegna einstaklinga frá Venesúela².

Á árinu 2018 voru 168 flóttamenn í þjónustu á höfuðborgarsvæðinu, árið 2019 voru þeir 235 og árið 2020 voru þeir 376. Hækkun í prósentum milli áranna 2018 og 2020 er 124%. Hlutfall tilvísana hefur hækkað um 60% á árinu 2020 frá árinu 2019. Helsta


² Þess má geta að þegar þetta er ritað, 9. febrúar 2021, hafa borist 43 tilvísanir á árinu 2021 og 10 einstaklingar hafa fengið starf.

skýringin á því er mikil aukning á flóttamönnum frá Venesúela sem vísað er í þjónustu til VMST.



Flóttamennirnir komu frá 42 ríkjum en langfjölmennastir voru flóttamenn frá Venesúela sjá mynd 2 hér til vinstri. Á árinu 2019 var fjölmennasti hópurinn einnig frá Venesúela en Írak var þá í öðru sæti eins og árið 2020 en munurinn á Írak og Venesúela árið 2019 var innan við 10 einstaklingar en var yfir 100 einstaklingar á árinu 2020.

Flóttamenn frá Venesúela tala yfirleitt aðeins spænsku og því var spænskan orðin algengasta tungumálið meðal flóttamanna árið 2020. Árið 2019 töluðu flestir flóttamenn arabísku en það tungumál er talað víða í Mið - Austurlöndum og Norður Afríku, þaðan sem flestir flóttamenn hafa komið frá hingað til. Árið 2020 var veitt heimild til VMST að ráða þriðja ráðgjafann til að sinna flóttamönnum sérstaklega. Tekin var ákvörðun um að auglýsa eftir spænskumælandi ráðgjafa sem síðan hóf störf í júní 2020 eins og áður sagði.



Á mynd 3 sést aldursdreifing flóttamanna. Hún er með þeim hætti að 75% einstaklinga eru á aldursbilinu 21 til 40 ára. Á árinu 2019 var þetta hlutfall 66%. Það má því segja að hópurinn sé hlutfallslega yngri í ár sem var í þjónustu VMST árið 2020.

Karlar voru 61% þeirra sem vísað var í þjónustu og konur 39%. Hlutfall kvenna


hefur hækkað um 8% frá fyrra ári og skýrist það af háu hlutfalli flóttamanna frá Venesúela. Í þeim hópi eru konur aðeins fjölmennari en karlar eða 77 á móti 72 körlum. Þar sem

flóttamenn frá Venesúela eru fjölmennastir á árinu þá vegur það þungt hve konur eru stór hluti þaðan. Hlutfall kvenna frá Venesúela í þjónustu VMST var 53% af flóttakonum en karlar frá Venesúela eru 31% af karlmönnum í þjónustu.

Árangur af þjónustu við flóttamenn

Í ljós kom að ekki voru allir tilbúnir í atvinnuleit eða gátu nýtt sér þá þjónustu sem þeim stóð til boða á árinu 2020. Alls hættu 25 einstaklingar í þjónustu á árinu af eftirfarandi ástæðum: 11 þurftu frá að hverfa vegna óvinnufærni; sjö mættu ekki í viðtal eða náðist ekki í og sjö vegna annarra ástæðna t.d. vegna fæðingarorlofs eða vegna brottflutnings.

Hlutfall heildarfjölda í þjónustu sem fékk starf á árinu 2020 var 31%. Ef frá eru dregnir þeir einstaklingar sem hættu í þjónustu, þ.e. 25 einstaklingar af 376, fór 33% í starf eða nám á síðasta ári.



Alls fóru 115 einstaklingar í starf og tveir í nám, eða þriðjungur þeirra sem var í þjónustu árinu 2020. Það eru því samtals 234 einstaklingar sem voru í þjónustu á árinu 2020 sem halda áfram í atvinnuleit á árinu 2021.

Eins og áður sagði bárust 269 nýjar tilvísanir á árinu 2020 þar af 95 síðustu fjóra mánuðina en á móti fóru 27

einstaklingar í starf frá september til desember 2020.

Alls fóru 30 einstaklingar í starf á grundvelli ráðningarstyrks. Hann felur í sér að greidd er mánaðarleg upphæð sem nemur fullri fjárhæð fjárhagsaðstoðar einstaklings eins og hún er reiknuð í hverju sveitarfélagi fyrir sig til fyrirtækis sem ræður flóttamann í starf. Eins og áður sagði geta þessar greiðslur verið til sex mánaða en þetta úrræði liðkar alloft fyrir ráðningu. Það gefur einnig færi á að einstaklingurinn fái rýmri tíma en ella til að öðlast færni í starfi. Alls fóru 12 einstaklingar í starf á vegum sveitarfélags á síðasta ári. Þar af voru fimm ráðnir með ráðningarstyrk, en 99 einstaklingar fengu starf á almennum vinnumarkaði og þar af 25 með ráðningarstyrk.

Að meðaltali tók það um fimm mánuði fyrir flóttamann að fá starf á árinu 2020 frá því að tilvísun barst frá félagsþjónustunni. Sumir einstaklingar komu í þjónustu á árinu 2019 eða jafnvel 2018 en voru þó enn ekki komnir í starf í lok árs 2020 meðan aðrir voru komnir í starf jafnvel eftir einn mánuð í atvinnuleit.

Staðan á samfélagsfræðsluverkefninu

Vinnuáttalastofnun gerði þjónustusamning við Mími símenntun um gerð efnis í samfélagsfræðslu fyrir flóttamenn eftir útboð. Stýrihópur með sérfræðingum Vinnuáttalastofnunar hefur fylgt framkvæmd þjónustusamningsins eftir. Það er ánægjulegt að geta greint frá því að gerð kennsluefnis í samfélagsfræðum er á lokametrunum. Gerð meginefnis og efnis fyrir leiðbeinendur er lokið. Helstu hagsmunaaðilar sem koma að málefnum flóttamanna hafa skilað inn athugasemdom. Prófararlestur er nýlega yfirstaðinn og þýðing yfir á ensku hefst í þessari viku þ.e. í annarri viku febrúar. Enska þýðingin ásamt íslenska textanum er undirstaða fyrir þýðingar á önnur tungumál. Verklok á þýðingum og þar með meginefninu í heild eru áætluð á allra næstu vikum. Gerð alls myndefnis þ.e. ljósmynda og myndbanda er lokið. Forritun og hönnun vefsins er í fullum gangi og áætluð verklok á næstu vikum. Námskeið fyrir leiðbeinendur mun samkvæmt

áætlun fara fram á næstu vikum. Prufunámskeið (pilot) mun fara fram um leið og ofangreindum verkþáttum er lokið. Stefnan er nú sett á að það geti farið fram í marsmánuði 2021.

Það er mat stýrihópsins að framkvæmdaraðili hafi vandað vel til allra verka en vegna Covid-19, hafa tímaáætlanir raskast töluvert. Þá hefur verkið reynst umfangsmeira en áður var talið og ýmsar hindranir orðið í veginum. Við teljum raunhæft að fjöldi flóttamanna með mismunandi móðurmál muni sitja glæsilegt námskeið í íslenskri samfélagsfræðslu vorið 2021.

Samfélagsfræðsla til fullorðinna flóttamanna er gríðarlega mikilvægt verkefni og skiptir miklu máli að vel til takist. Verkefnið kemur til með að vera lifandi og í sífelldri þróun. Það er víðfeðmt og yfirgripsmikið og mikilvægt að það sé hnökralaust og hafi einungis að geyma réttar og óumdeildar upplýsingar. Við sem komum að þessu verkefni hjá VMST, teljum okkur á þessu stigi eiga fulla innistæðu fyrir bjartsýni þrátt fyrir að hafa ekki náð landi enn þá.

Lokaorð

Eins og sagði í inngangi þá hefur atvinnuleysi á Íslandi ekki mælst jafn hátt og árið 2020. Það má því segja með réttu að það sé mjög góður árangur, að þriðjungur flóttamanna sem var í þjónustu hjá VMST á síðasta ári hafi fengið atvinnu. Þennan góða árangur má að mestu þakka öflugri teymisvinnu þeirra ráðgjafa sem hafa sérhæft sig í að sinna atvinnuleit flóttamanna.

Á árinu 2020 barst metfjöldi nýrra tilvísana frá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og var hver ráðgjafi með að jafnaði um 70 einstaklinga í þjónustu. Í byrjun árs 2021 eru 272 einstaklingar í þjónustu sem þýðir að það eru um 90 einstaklingar á hvern ráðgjafa. Til að

hægt sé að mæta þessum viðkvæma hópi með einstaklingsbundinni faglegri og góðri þjónustu þarf að tryggja að ekki séu fleiri en 50 einstaklingar á hvern ráðgjafa. Reynslan sýnir að flóttafólk þarf á alhliða stuðningi og aðstoð að halda með eftirfylgd í starf til að tryggja að farsæla aðlögun að íslenskum vinnumarkaði. Hingað til hefur ekki gefist svigrúm til að veita þessa aðlögun og eftirfylgd með þeim einstaklingum sem fá störf og því skortir vitneskju um hvernig þeim raunverulega vegnar í starfi. Það eru vísbendingar um að flóttafólk sé líklegra en aðrir að endast stutt í starfi en það er ekki hægt að fullyrða um slíkt með vissu þar sem ekki hefur verið unnt að hafa eftirfylgni með þeim sem fara í starf. Með aðferðafræði atvinnu með stuðningi/supported employment sem kallar á færri einstaklinga á hvern ráðgjafa er mögulegt að tryggja farsæla aðlögun í starf og um leið betri upplýsingar og heildarmynd af stöðu flóttamanna á íslenskum vinnumarkaði.

Reykjavík, febrúar 2021

Guðlaug Hrönn Pétursdóttir, deildarstjóri á ráðgjafar-og vinnumiðlunarsviði
Vinnuáttalastofnunar á höfuðborgarsvæðinu.